

**Nr. 009 / 11 Hásteinn ÁR 8*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1751  
Smíðaður: Karlstad Svíþjóð 1984 stál  
Stærð: 113,4 brl. 180,4 bt.  
Mesta lengd: 24,95 m Skráð lengd: 22,18 m  
Breidd: 7,1 m Dýpt: 4,7 m  
Vél: Caterpillar 578 kW 1984  
Fjöldi skipverja:



Hásteinn ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgangur af fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 31. janúar 2011 lá Hásteinn ÁR 8 við bryggju í Þorlákshöfn.

Tveir menn stóðu við lúgukarm á hlífðarpilfari og voru að rétta kælipressu niður á aðalpilfar. Á lúgu aðalpilfarsins stóð einn skipverji og tók við henni. Þegar hann ætlaði að ganga með pressuna í fanginu til að leggja hana frá sér var honum leiðin lokuð. Hann hugðist því setja pressuna niður þar sem hann stóð en við það að beygja sig skrikaði honum fótur og féll til hliðar. Í fallinu lagðist hann utan í lúgukarminn og klemmdist annar handleggurinn á milli flatjárns í karminum og burðarvirkis pressunnar. Farið var með slasaða til læknis.

***Við rannsókn kom fram:***

- að kælipressan (*mynd*) og tilheyrandi hlutir voru samsettir í eitt „kælivirki“ sem er á milli 70 til 80 kg að þyngd;
- að slasaði sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að olúbrúsar vörnuðu honum leiðina inn á millipilfarið með byrðina. Hann hélt að tveir menn væru þar og ætlaði hann að fá þá til aðstoðar en þeir voru farnir.

***Nefndarálit:***

Orsök slysisins var fljótfærni slasaða að taka við svo þungri byrði án aðstoðar.